NASU ABDULAZIZ
NÍGERÍA

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

ENGIN REISN ÁN HEIMILIS



LÆRUM UM MANNRÉTTINDI OKKAR

VERKEFNI

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

UM AMNESTY INTERNATIONAL

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing yfir sjö milljóna einstaklinga sem telja að allt óréttlæti komi þeim við. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna.

Við rannsökum atburði og segjum frá því sem gerist, hvar og hvenær sem mannréttindabrot eiga sér stað. Við beitum yfirvöld, áhrifamikla aðila og fyrirtæki þrýstingi og reynum að tryggja að þessir aðilar standi við gefin fyrirheit og virði alþjóðalög. Með því að miðla áhrifamiklum reynslusögum fólksins sem við vinnum með virkjum við milljónir stuðningsfólks okkar um heim allan til að berjast fyrir breytingum og koma aðgerðasinnum í framlínunni til hjálpar. Við styðjum fólk til að leita réttar síns með fræðslu og þjálfun.

Með starfi okkar verndum við fólk og valdeflum það til að berjast fyrir ýmsum málefnum, þar á meðal afnámi dauðarefsingar, fyrir kyn- og frjósemisréttindum og gegn mismunun og réttindum flóttafólks og farandfólks. Við berjumst fyrir því að aðilar sem beita pyndingum verði dregnir fyrir dóm. Við beitum okkur fyrir því að fá lögum sem stuðla að kúgun breytt og við berjumst fyrir frelsi fólks sem hefur verið fangelsað fyrir það eitt að tjá skoðun sína. Við tökum málstað allra sem búa við skert frelsi eða mannvirðingu óháð uppruna.

Aðgerðasinnar Amnesty International mótmæla fyrir utan tyrkneska sendiráðið í París í júlí 2017.
© www.christophemeireis.com

Þitt nafn bjargar lífi: Bréfaskrif í Alsír.

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

Herferð Amnesty International **Þitt nafn bjargar lífi** er haldin árlega á eða í kringum alþjóðlega mannréttindadaginn, hinn 10. desember. Þann dag var Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt, árið 1948, fljótlega eftir stofnun Sameinuðu þjóðanna. Herferðin hefur það að markmiði að koma á raunverulegum breytingum í lífi fólks og samfélögum sem hafa þjáðst eða eiga á hættu að verða fyrir mannréttindabrotum. Meðal þeirra fjölmörgu aðgerða sem gripið er til í herferðinni er að koma á framfæri einstaklingsmálum til þeirra sem hafa ákvörðunarvald og geta haft áhrif á breytingar, vekja athygli á málunum með skipulagningu mótmæla og aðgerða og ná alþjóðlegri athygli í gegnum fjölmiðla og á netinu.

Einn stærsti hluti herferðarinnar felur í sér bréfaskriftir milljóna einstaklinga úti um allan heim og þökk sé slíkum aðgerðum víða um heim dynja bréf á opinberu embættisfólki. Þolendur pyndinga, samviskufangar, fólk sem bíður dauðarefsingar og aðrir þolendur mannréttindabrota fá stuðningskveðjur frá þúsundum fólks í fjarlægum heimshornum. Þolendurnir og fjölskyldur þeirra vita að vakin er opinber athygli á málum þeirra og að þeir eru ekki gleymdir.

Árangur sambærilegra herferða fyrri ára hefur verið sláandi. Einstaklingar sem hafa orðið fyrir mannréttindabrotunum segja frá breytingunni sem þessi bréf höfðu í för með sér. Þeir lýsa yfir þakklæti til þeirra sem hafa skrifað og greina frá styrknum sem þeir finna frá öllum þeim sem láta mál þeirra sig varða.

Oft er hægt að sjá verulegar breytingar á framkomu embættisfólks gagnvart þolendum mannréttindabrota í kjölfar herferðarinnar; ákærur eru felldar niður, meðferð mildast og lög eða reglugerðir sem taka á vandamálinu eru kynnt til sögunnar.

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

GÓÐAR FRÉTTIR FRÁ 2018

HANDTÖKUR Í BRASILÍU

Í mars 2019 voru tveir fyrrverandi lögreglumenn handteknir fyrir morðið á Marielle Franco, stjórnmálakonu og málsvara þeirra allra fátækustu í Brasilíu. Handtökurnar marka lítið skref í átt að réttlæti. Samanlagt skrifaði fólk um heim allan meira en 500 þúsund bréf til yfirvalda í Brasilíu þar sem krafist var réttlætis fyrir Marielle.

„Að vita af þessum mikla alþjóðlega hlýhug hjálpar mér að fara fram úr rúminu á morgnana.“

Monica Benicio, sambýliskona Marielle

© Elisângela Leite

SIGUR FYRIR FATLAÐ FÓLK Í KIRGISTAN

Gulzar Duishenova hefur lengi barist fyrir réttindum fólks með fötlun í heimalandi sínu. Í mars 2019 fékk hún umbun erfiðis síns þegar Kirgistan undirritaði loks samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skrifuð voru næstum 250 þúsund bréf til stuðnings Gulzar.

„Ég er þakklát fyrir þann stuðning og samstöðu sem ég hef notið af hálfu aðgerðasinna Amnesty International, sem stendur ekki á sama um réttindi okkar hér í Kirgistan þrátt fyrir að vera annars staðar frá.“

© Svetlana Zelenskaya/Amnesty International

BRÝN LÆKNISAÐSTOÐ VEITT Í ÍRAN

Atena Daemi, sem var fangelsuð fyrir að dreifa bæklingum þar sem dauðarefsing var harðlega gagnrýnd, hefur þurft að þola líkamlegt ofbeldi á meðan hún hefur setið í fangelsi. Hún þurfti nauðsynlega á sértækri læknisþjónustu að halda og þökk sé yfir 700 þúsund undirskriftum einstaklinga um heim allan hefur henni nú verið veitt sú meðferð sem hún þurfti á að halda.

„Ég er svo óendanlega þakklát öllu því fólki, hvaðanæva úr heiminum, sem hefur sýnt mér samkennd og góðvild og virkilega lagt sig fram um að styðja mig.“

© Private

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

UM MANNRÉTTINDI

Mannréttindi eru grundvallarréttindi og réttarvernd sem hvert og eitt okkar á tilkall til. Þau byggjast á meginreglum um mannlega reisn, jafnrétti og gagnkvæma virðingu óháð aldri, þjóðerni, kyni, kynþætti, lífsskoðunum og persónulegri afstöðu.

Sem manneskja átt þú rétt á að komið sé fram við þig á sanngjarnan hátt og þér ber einnig að koma fram við aðra af sanngirni. Þú átt einnig rétt á ákvarðanatöku um eigið líf. Þessi grundvallarmannréttindi eru algild – þau eru réttur okkar allra, allra sem heiminn byggja. Þau eru óafsalanleg – enginn getur tekið þau frá okkur. Þau eru líka óskiptanleg og tengjast innbyrðis – allir þættir hafa jafnmikið vægi og eru tengdir hver öðrum.

Í kjölfar þeirra grimmdarverka sem framin voru í seinni heimsstyrjöldinni urðu til alþjóðleg lög um mannréttindi, á grundvelli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Þau hafa myndað trausta undirstöðu fyrir landsbundin og svæðisbundin lög og er ætlað að bæta líf fólks um heim allan. Yfirvöldum á hverjum stað ber að líta á mannréttindi sem gildandi lög. Þau leggja yfirvöldum og ríkisstarfsfólki þær skyldur á herðar að virða og verja rétt þeirra sem undir lögsagnarumdæmi þeirra heyra, sem og á öðrum svæðum.

Mannréttindi eru ekki munaður sem fólk fær aðeins að njóta þegar aðstæður leyfa.

ÉCRIRE POUR LES DROITS
ÉCRIRE POUR LES DROITS
ÉCRIRE POUR LES DROITS

INNGANGUR AÐ MANNRÉTTINDUM

MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

BORGARARÉTTINDI OG FRELSI Réttur til lífs, frelsi frá pyndingum og þrældómi, réttur á að sæta ekki mismunun.	1. grein	Allir eru fæddir frjálsir og jafnir
	2. grein	Bann við mismunun
	3. grein	Réttur til lífs, frelsis og mannhelgi einstaklinga
	4. grein	Frelsi frá þrældómi
	5. grein	Frelsi frá pyndingum
LAGALEGUR RÉTTUR Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð; réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, réttur til að njóta frelsis frá geðþóttahandtökum eða farbanni.	6. grein	Allir skulu njóta verndar með lögum
	7. grein	Allir skulu vera jafnir fyrir lögum
	8. grein	Lagaleg úrræði þegar mannréttindi eru brotin
	9. grein	Bann við ólögmætu farbanni, fangelsun eða brottvísun
	10. grein	Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
	11. grein	Saklaus uns sekt er sönnuð
	14. grein	Réttur til að fara til annars lands og leita verndar
FÉLAGSLEG RÉTTINDI Réttur til menntunar, til að stofna fjölskyldu og annast hana, til tómstundar, réttur á heilsugæslu.	12. grein	Réttur til einkalífs, heimilis og fjölskyldulífs
	13. grein	Frelsi til að búa og ferðast hindrunarlaust innan landamæra ríkja
	16. grein	Réttur til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu
	24. grein	Réttur til að njóta hvíldar og afþreyingar
	26. grein	Réttur til menntunar, þar með talinn réttur til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar
EFNAHAGSLEG RÉTTINDI Eignarréttur, réttur til að vinna, til húsnæðis, til lífeyris, til fullnægjandi lífskjara.	15. grein	Réttur til ríkisfangs
	17. grein	Réttur til að eiga eignir
	22. grein	Réttur á félagslegu öryggi
	23. grein	Réttur til að vinna fyrir sanngjörnum launum og ganga í stéttarfélag
	25. grein	Réttur til lífskjara sem tryggja heilsu og velferð
STJÓRNMÁLALEG RÉTTINDI Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns, greiða atkvæði, koma saman með friðsömum hætti, frelsi til tjáningar, lífsskoðunar og trúarskoðunar.	18. grein	Réttur til lífsskoðunar (þar með talin trúarskoðun)
	19. grein	Tjáningarfrelsi og réttur til að miðla upplýsingum
	20. grein	Frelsi til að ganga í félagasamtök og halda fundi með friðsömum hætti
	21. grein	Réttur til að taka þátt í stjórn lands síns
MENNINGARLEG RÉTTINDI, RÉTTINDI TIL SAMSTÖÐU Réttur til þess að taka þátt í menningarlífi samfélagsins.	27. grein	Réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins
	28. grein	Réttur til alþjóðaskipulags þar sem öll ofangreind réttindi eru framkvæmd
	29. grein	Skylda til að virða réttindi annarra
	30. grein	Ekki má svipta neinn neinum þessara réttinda!

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

VERKEFNI

ENGIN REISN ÁN HEIMILIS

LYKILHUGTÖK
- Ungir aðgerðasinnar
- Þvingaðir brottflutningar
- Lagaleg vernd
- Réttur til heimilis

UM ÞETTA VERKEFNI
Þátttakendur læra um þvingaða brottflutninga og hvaða áhrif þeir hafa á mannréttindi. Þeir kynnast því hvaða hlutverki stjórnvöld gegna í slíkum málum samkvæmt alþjóðalögum sem og hvernig ungt fólk hefur tekið sig saman til að verja réttindi sín og annarra í nærsamfélagi sínu í Nígeríu.

MARKMIÐ
- Þátttakendur öðlist skilning á því hvað þvingaðir brottflutningar eru, hvaða áhrif þeir hafa á einstaklinga og fjölskyldur og hvernig slíkir brottflutningar brjóta á mannréttindum, þar á meðal rétti til heimilis.
- Þátttakendur öðlist skilning á skyldum ríkja til að vernda einstaklinga og samfélög gegn þvinguðum brottflutningum.
- Þátttakendur þekki Þitt nafn bjargar lífi-herferð Amnesty International og þeim kynntar leiðir til að grípa til aðgerða til stuðnings Nasu Abdulaziz.

UNDIRBÚNINGUR
- Blöð og pennar/tússlitir
- Einfölduð útgáfa af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (sjá bls. 5)
- Valfrjálst: post-it-miðar
- Valfrjálst: tímamælir

LENGD:
60 MÍNÚTUR

ALDUR: 12+

INNGANGUR: PAKKAÐU Í TÖSKUNA ÞÍNA

25 MÍNÚTUR

1. **Biðjið þátttakendur að ímynda sér eftirfarandi aðstæður (einnig hægt að biðja þá að loka augunum til að sjá aðstæðurnar betur fyrir sér):**

   Menn á vegum yfirvalda mæta um miðja nótt á jarðýtum að heimili þínu. Þeir hefjast handa við að brjóta niður og brenna byggingar í hverfinu. Hávaðinn og upplausnarástandið vekja þig. Yfirvöld ryðjast inn á heimili þitt og lýsa því yfir að verið sé að bera þig og fjölskyldu þína út. Ykkur er gert að yfirgefa heimilið innan örfárra mínútna. Þú horfir í kringum þig og grípur nokkra hluti í snatri. Þú getur aðeins tekið það sem kemst fyrir í bakpoka.

2. **Dreifið blöðum og pennum til þátttakenda. Biðjið hvern þátttakanda að skrifa á blaðið hverju hann myndi pakka í bakpokann sinn. Spyrjið eftirfarandi spurninga:**

   - Hvað myndir þú taka með þér?
   - Hvað væri erfiðast að skilja eftir?
   - Hvað fór í gegnum huga þinn áður en þú ákvaðst hvað þú ætlaðir að taka með?

Segið þátttakendum að þeir hafi tvær mínútur til að ákveða sig (setjið af stað tímamæli).

3. **Næst skipta þátttakendur sér upp í 3-4 manna hópa og bera saman lista sína og svör. Gefið hópunum nokkrar mínútur til að fara yfir listana og svörin til að sjá hvað sé líkt og ólíkt. Þátttakendur mega breyta listunum vilji þeir það.**

4. **Biðjið þátttakendur að deila hugrenningum sínum með öllum hópnum og ræðið eftirfarandi spurningar:**

   - Tókst þér að velja þá hluti sem þú vildir taka með þér á einungis tveimur mínútum?
   - Hvernig ákvaðstu hvað skyldi taka með af heimilinu?
   - Hvaða hlut/i tóku flestir í hópnum með sér?
   - Hvað var erfitt að skilja eftir? Hvernig leið þér að þurfa að skilja það eftir?
   - Breyttirðu listanum þínum eftir að hópurinn ræddi saman? Af hverju, af hverju ekki? Myndir þú geta breytt því hvað þú tækir með þér í raunveruleikanum?
   - Hvernig myndu þessar aðstæður hafa áhrif á líf þitt?

5. **Notið bakgrunnsupplýsingarnar um þvingaða brottflutninga á bls. 10 og deilið með hópnum. Útskýrið hvað þvingaðir brottflutningar eru og hverjar afleiðingarnar geta verið.**

MÁ ÉG KYNNA … NASU

15 MÍNÚTUR

6. **Kynnið þátttakendum sögu Nasu, annaðhvort með því að lesa upp stutta kaflann hér til hliðar eða sýna þeim myndasöguna á bls. 11. Segið þátttakendum að um raunverulegan atburð sé að ræða:**

7. **Ræðið við allan hópinn um sögu Nasus. Hægt er að nota eftirfarandi umræðuspurningar:**

   - Hvernig hefði ykkur liðið ef þið hefðuð upplifað það sem Nasu gekk í gegnum?
   - Fyrir utan að missa heimili sitt, hvaða önnur áhrif gætu brottflutningarnir haft á Nasu og aðra í hans stöðu? Hvað annað gæti fólk hafa misst við brottflutningana (til dæmis vini og aðgengi að menntun, heilsugæslu, vinnu, mat, vatni og hreinlæti)?
   - Af hverju þvinga stjórnvöld fólk af heimilum sínum?
   - Hefur þú einhvern tímann heyrt um eitthvað þessu líkt á Íslandi?
   - Hvað þýðir að lifa með reisn og hvernig tengist það þessu máli?

Nasu Abdulaziz elskar fótbolta og hjólreiðar enda mjög venjuleg dægrastytting ungs fólks í Nígeríu. En kringumstæður Nasus eru langt frá því að vera venjulegar. Þegar hann var 23 ára gamall og hefði átt að vera að njóta lífsins eins og hvert annað ungmenni var Nasu auk allra annarra íbúa hans gamalgróna samfélags í stórborginni Lagos borinn út án aðvörunar. Að tilskipun stjórnvalda kom herafli á vegum þeirra á jarðýtum með byssur, reif heimili þeirra til grunna og skildi 30.000 íbúa, þar á meðal Nasu, eftir heimilislausa. Þau neyddust til að búa í bátum, undir brúm eða hjá vinum og fjölskyldu. Í dag krefjast Nasu og félagar hans þess að fá að lifa með reisn.

HÚSNÆÐI OG MANNRÉTTINDI

15 MÍNÚTUR

8. **Ef þátttakendur þekkja ekki til Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna er hægt að nota bakgrunnsupplýsingarnar á bls. 4 til að kynna hana stuttlega.**

9. **Þátttakendum er skipað í litla hópa og lista yfir mannréttindi á bls. 5 dreift til allra hópa. Hver hópur fær síðan þrjú blaðsnifsi eða post-it-miða og hópunum næst gefnar nokkrar mínútur til að skrifa niður þau mannréttindi sem brotin voru í máli Nasus og hvernig brotin voru. Eitt mannréttindabrot á hvern miða.**

10. **Fyrsti hópurinn er beðinn að lesa upphátt ein þau réttindi sem hann telur að brotin hafi verið og hengja miðann á töflu. Einnig útskýrir hópurinn hvernig hann telur þetta brot hafa átt við í máli Nasus. Næst eru hinir hóparnir spurðir hvort þeir séu sammála. Ef ekki, ræðið það þá frekar. Ef aðrir hópar voru einnig með sömu réttindin skrifuð á miða hengja þeir þá einnig á töfluna. Þá er næsti hópur spurður út í önnur réttindi sem hann telur að hafi verið brotin og svo koll af kolli þangað til taflan sýnir öll þau réttindi sem brotin hafa verið í máli Nasus. Til að leiða umræðurnar er gott að skoða bakgrunnsupplýsingarnar á bls. 10 um þvingaða brottflutninga og mannréttindi.**

AMNESTY INTERNATIONAL OG ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI

5 MÍNÚTUR

11. **Notið upplýsingarnar á bls. 2 til að kynna Amnesty International stuttlega fyrir þátttakendum og Þitt nafn bjargar lífi. Segið þeim frá því að Amnesty International biðli til fólks um heim allan að skrifa bréf til stuðnings Nasu og nærsamfélagi hans:**

    - Skrifið stuðningskveðju til Nasus svo hann finni fyrir öllu því fólki um heim allan sem stendur við bakið á honum og baráttu hans fyrir rétti til fullnægjandi húsnæðis.
    - Skrifið mótmælabréf til ríkisstjóra Lagos-fylkis í Nígeríu.

12. **Gefið þátttakendum tækifæri til að fylgja verkefninu eftir og skipuleggja tíma til bréfaskrifta.**

LEIÐBEININGAR UM BRÉFASKRIF

SKRIFAÐU BRÉF TIL BJARGAR LÍFI

1. **Hvetjið þátttakendur til að skrifa Nasu bréf, sýna honum samstöðu eða senda honum hvetjandi skilaboð. Biðjið þá að íhuga hvað gæti veitt honum styrk á þessum erfiðu tímum.**

c/o Amnesty International Nigeria
34, Colorado Street, off Alvan Ikoku Way
Maitama, Abuja, FCT Nigeria

2. **Hvetjið þátttakendur til að skrifa ríkisstjóranum og senda bréfið til:**

H.E. Babajide Olusola Sanwo-Olu
Governor of Lagos State, Governor's Office
Ikeja, Lagos State
Email: info@lagosstate.gov.ng

Þátttakendur geta nýtt tillögu að bréfi sem finna má á næstu síðu en einnig er hægt að fara í gegnum neðangreindar leiðbeiningar ef þátttakendur vilja skrifa bréf á persónulegri nótum.

SEGÐU RÍKISSTJÓRANUM EITTHVAÐ SEM GERIR BRÉFIÐ PERSÓNULEGT:

- Segðu aðeins frá sjálfri/um/u þér.
- Segðu honum hvað þér bregður mest við að heyra varðandi mál Nasus.

Krefstu þess að ríkisstjórinn gangi úr skugga um að þvingaðir brottflutningar í samfélagi Nasus verði rannsakaðir og fólkið sem missti heimili sín fái búsetuúrræði og skaðabætur.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

HVAÐ ERU ÞVINGAÐIR BROTTFLUTNINGAR?

Þvingaðir brottflutningar eru þegar fólk er neytt til að flytja af heimilum sínum eða landi án lagalegrar verndar eða úrræða. Þar sem brottflutningar geta haft átakanleg áhrif á líf fólks má aðeins grípa til þeirra sem allra síðasta úrræðis.

Sumt fólk er berskjaldaðra fyrir þvinguðum brottflutningum en annað, t.d. fólk sem býr í óskipulögðum byggðum eða það fólk sem ekki hefur fengið rétt sinn til búsetu þar formlega viðurkenndan.

Áður en að brottflutningum kemur er það skylda viðkomandi yfirvalda að ráðfæra sig við alla sem hlut eiga að máli og leita allra annarra leiða. Fólki þarf að vera látið í té fullnægjandi fyrirvari, lagaleg úrræði og skaðabætur fyrir tjónið sem það verður fyrir.

Stjórnvöld verða einnig að tryggja að enginn einstaklingur verði heimilislaus í kjölfar brottflutninga né berskjaldaður fyrir mannréttindabrotum. Þeim sem ekki eru færir um að sjá fyrir sér sjálfir verður að úthluta fullnægjandi húsnæði. Þessi viðmið eiga einnig við þegar leigusalar eða fyrirtæki framkvæma brottflutninga. Stjórnvöldum ber skylda til að setja reglur og hafa eftirlit með því hvernig einkaaðilar standa að brottflutningum.

Til að brottflutningar teljist þvingaðir þarf ekki valdbeitingu, þó svo að hún sé oft notuð, heldur er það skortur á lagalegri vernd sem skiptir þar mestu máli.

Aðstæður eftir þvingaða brottflutninga í Otodo Gbame.
© Justice & Empowerment Initiatives

TILLAGA AÐ BRÉF TIL STJÓRNVALDA Í NÍGERÍU

H.E. Babajide Olusola Sanwo-Olu,
Governor of Lagos State.
Governor's Office,
Ikeja,
Lagos State

Dear Sir,

Nasu Abdulaziz was 23 when men with guns and in bulldozers descended without warning on his community of Otodo Gbame, Lagos. Government must investigate this act of violence which resulted in the loss of numerous homes in the century-old community. Homes have been burned down, families have been shot at, tear gas has been used and livelihoods destroyed. Nine people are believed to have been killed, another 15 are still missing and 30,000 people have been left homeless.

Ensure a full investigation into the forced eviction of Nasu's community, and make sure that everyone is resettled and given full compensation.

Yours sincerely,

HVENÆR MÁ FLYTJA FÓLK Á BROTT?

Ástæður brottflutninga geta verið ýmsar, t.d. þegar fólk hættir að borga leigu eða þegar landsvæði sem fólk býr á er nauðsynlegt í þágu almenningsverkefna eins og byggingar sjúkrahúss. Hins vegar verða stjórnvöld að reyna allt sem í þeirra valdi stendur til að lágmarka brottflutninga.

Yfirvöldum ber skylda til að fylgja viðeigandi réttarfarslegum og lagalegum ferlum. Þar á meðal:

- Fara í gegnum áreiðanlegt samráðs- og viðræðuferli með öllum þeim sem hlut eiga að máli.
- Veita hlutaðeigandi samfélagi fullnægjandi og sanngjarnan frest.
- Tryggja fullnægjandi valkosti á nýju húsnæði og bætur fyrir tjónið sem fólk verður fyrir.
- Tryggja að brottflutningar fari fram samkvæmt lögum og reglum.
- Veita alhliða lagalega þjónustu, þ.á m. aðgang að lögfræðilegri aðstoð þar sem þörf er á.
- Tryggja að enginn einstaklingur verði heimilislaus eða berskjaldaður fyrir öðrum mannréttindabrotum vegna brottflutninga.

Þegar ofangreind lög og skilyrði eru ekki uppfyllt verða brottflutningar þvingaðir og brot á mannréttindum.

Aðstæður eftir þvingaða brottflutninga í Otodo Gbame.
© MoAdebayo

HÚSNÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Réttur til fullnægjandi húsnæðis er réttur einstaklings til að búa við öryggi, frið og frið og reisn. Húsnæði þýðir ekki einungis að hafa þak yfir höfuðið.

- Húsnæði á að vera aðgengilegt öllum, án mismununar, og á sanngjörnu verði.
- Húsnæði á að veita fólki fullnægjandi rými, næði og vernd gegn veðrum.
- Stjórnvöldum ber skylda til að tryggja að húsnæði sé á öruggum svæðum, í nægilegri fjarlægð frá hættulegri mengun, nálægt almenningssamgöngum og atvinnutækifærum og menningarleg réttindi séu virt.
- Fólk á rétt á aðgangi að vatni, hreinlæti og aðstöðu sem uppfyllir heilsuviðmið, öryggi, þægindi og næringu.

Auk þess að brjóta á rétti fólks til húsnæðis geta þvingaðir brottflutningar haft áhrif á önnur mannréttindi sem fólk nýtur:

- Réttur til atvinnu: Fólk á á hættu að missa vinnuna eða atvinnurekstur ef það þarf að flytjast lengra í burtu frá atvinnutækifærum vegna þvingaðra brottflutninga.
- Réttur til heilbrigðis: Ef hús eða byggðir hafa t.d. takmarkaðan eða engan aðgang að öruggu drykkjarvatni og hreinlæti geta íbúar orðið alvarlega veikir.
- Réttur til menntunar: Skólaganga barna er oft rofin eða börn hætta í skóla vegna þvingaðra brottflutninga. Einnig getur áfallið sem börn verða fyrir í þessum aðstæðum skert getu þeirra til að sækja kennslustundir.
- Réttur til lífs og réttur til frelsis frá ómannlegri eða vanvirðandi meðferð: Þegar þvingaðir brottflutningar eiga sér stað er algengt að fólk verði fyrir áreitni eða ofbeldi og stundum jafnvel ómannlegri meðferð eða myrt. Konur og stúlkur eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir ofbeldi, þ.á m. kynferðislegu ofbeldi, í tengslum við brottflutninga.
- Réttur til frelsis og mannhelgi einstaklings: Baráttufólk fyrir mannréttindum sem berst fyrir réttindum einstaklinga og samfélaga til húsnæðis hefur orðið fyrir ofbeldi, verið handtekið án ástæðu og sett í langvarandi varðhald.

ÞITT NAFN BJARGAR LÍFI



NASU ABDULAZIZ OG OTODO GBAME-SAMFÉLAGIÐ

HEIMILISLAUS MEÐ VON Í BRJÓSTI

© Nasu Abdulaziz

Nasu Abdulaziz er harður aðdáandi Arsenal-fótboltaliðsins. Hann hefur einnig gaman af hjólreiðum, enda mjög venjuleg dægrastytting ungs fólks í Nígeríu. En kringumstæður Nasus eru langt frá því að vera venjulegar. Eins og stendur berst hann fyrir rétti sínum til húsnæðis.

© Justice & Empowerment Initiatives

Sem 23 ára ungur maður hefði hann átt að vera að njóta lífsins en þess í stað komu menn með byssur og jarðýtur án fyrirvara inn í samfélag hans, Otodo Gbame, í stórborginni Lagos í Nígeríu. Að tilskipun stjórnvalda voru heimili þessa gamalgróna samfélags eyðilögð, hús voru brennd og rifin, byssuskotum hleypt af og lífsviðurværi íbúanna haft að engu.

© Deji Akinpelu

Árið 2017, kvöldið áður en síðustu brottflutningarnir áttu sér stað, var Nasu skotinn í handlegginn af ofbeldismönnum. Daginn eftir réðst sérsveit Lagos enn á ný inn í samfélagið og hleypti af byssuskotum og beitti táragasi. Í ringulreiðinni flúðu íbúarnir skelfingu lostnir og sumir stukku út í nærliggjandi lón og drukknuðu.

Talið er að níu einstaklingar hafi látið lífið og 15 er enn saknað. Á endanum urðu 30 þúsund einstaklingar heimilislausir og neyddust til að búa í bátum, undir brúm eða hjá vinum og ættingjum.

Nasu missti heimili sitt en hann heldur enn í vonina. Hann hefur gengið til liðs við Bandalag fátækrahverfa og óformlegra byggða í Nígeríu, fjöldahreyfingu fólks sem leggur allt í sölurnar til að tryggja réttinn til heimilis.

Amnesty International er alþjóðleg hreyfing yfir sjö milljóna einstaklinga sem telja að allt óréttlæti komi þeim við. Við berjumst fyrir heimi þar sem allar manneskjur fá að njóta mannréttinda sinna.

Okkar hugsjón er að hver einstaklingur fái notið þeirra réttinda sem kveður á um í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastöðlum um mannréttindi.

Við erum frjáls og óháð öllum stjórnvöldum, hvers konar pólitískri hugmyndafræði, fjárhagslegum hagsmunum og hvaða trúarbrögðum sem er. Samtökin eru að mestu fjármögnuð í gegnum félagsaðild og með framlögum frá almenningi.

AMNESTY INTERNATIONAL
ÍSLANDSDEILD AMNESTY INTERNATIONAL
WWW.AMNESTY.IS

Netfang: amnesty@amnesty.is
Sími: 511 7900

Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík
Ísland

Kennsluefni þetta er unnið af mannréttindafræðsluteymi alþjóðaskrifstofu Amnesty International, þýtt og aðlagað af Íslandsdeild Amnesty International í september 2019.
Allar myndir eru eign © Amnesty International nema annað sé tekið fram.
Myndir: Forsíða: © úr einkasafni (aðalmynd). © Getty/Smartshots International

AMNESTY INTERNATIONAL